

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. marz 2019

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki (289. mál).

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 11. mars 2019, um umsögn félagsins um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki á þingskjali 321.

Efni tillögunnar er að Alþingi feli forsætisráðherra að láta vinna heildstæða úttekt á löggjöf og regluverki hér á landi með hliðsjón af áhrifum á virka samkeppni á markaði. Við vinnuna verði leitað samstarfs við Efnahags- og framfarastofnunina (OECD). Heimilt verði að áfangaskipta áætluninni, en henni skuli að fullu lokið í árslok 2021.

FA fagnar þessari tillögu og styður framgang hennar. FA tekur undir röksemdir flutningsmanna um jákvæð áhrif virkrar samkeppni á verðlag, nýsköpun og hagvöxt. Félagið hefur um árabíl beitt sér fyrir því að samkeppnismati, af því tagi sem lýst er í greinargerð tillögunnar, verði beitt hér á landi til að stuðla að virkri samkeppni og einföldun regluverks atvinnulífsins. Hefur félagið meðal annars sent stjórnvöldum ítrekaðar tillögur þess efnis og hvatt til þess að samkeppnismati verði beitt bæði á gildandi löggjöf og við mótun nýs regluverks.

FA telur jafnframt eðlilegt að verkefnið verði unnið í samstarfi við OECD. Stofnunin hefur um árabíl bent á mikilvægi þess fyrir efnahag ríkja að hugað sé að áhrifum laga, reglna og stjórnvaldsákvæðana á samkeppni. Í þessu efni hefur OECD mótað verklag við samkeppnismat (Competition Assessment Toolkit). Stjórnvöld geta beitt því til að efla samkeppni eða takmarka samkeppnishindranir sem stafað geta af lögum, reglum og stjórnvaldsfyrirmælum. Þetta verklag kemur um leið í veg fyrir óþarfa reglubyrði á atvinnulíf, en slík reglubyrði felur alla jafna í sér samkeppnishindranir.

Samkeppnismati OECD hefur m.a. verið beitt með góðum árangri í Portúgal, Grikklandi, Rúmeníu og Mexíkó. Í Ástralíu hefur verið sýnt fram á bein tengsl milli þeirra umbóta sem stjórnvöld þar í landi réðust í til að fækka samkeppnishindrunum og vaxandi hagvaxtar, minnkandi atvinnuleysis og hækkandi ráðstöfunartekna heimila.


Félag atvinnurekenda fagnaði ákvörðun Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, í ágúst 2018 um að framkvæma í samstarfi við OECD samkeppnismat á rekstrarumhverfi ferðaþjónustu og byggingariðnaðar á Íslandi. Verkefnið hófst formlega nú í marzmánuði og hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið umsjón með því í samvinnu við Samkeppniseftirlitið. Verkstjórn er hins vegar í höndum samkeppnisdeildar OECD. Áformað er að verkefninu ljúki á 18 mánuðum.

FA hefur bent á að augljóst og nærtækt næsta skref sé að taka fyrir tvær aðrar atvinnugreinar sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur á sinni könnu, það er landbúnað og sjávarútveg. Í báðum greinum eru í gildi víðtækar samkeppnishömlur og full ástæða til að rýna í regluverkið með það að markmiði að leysa umbótaöfl samkeppninnar úr læðingi.

Tillaga FA hefur raunar verið að samkeppnismatinu verði beitt á alla geira atvinnulífsins til að leiða í ljós samkeppnishömlur og koma þeim fyrir kattarnef. Félagið lýsir því eindregnum stuðningi við þá tillögu sem hér er til umfjöllunar og hvetur til þess að hún hljóti samþykki Alþingis.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum málsins. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,


Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 26. mars 2019

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki. 289. mál.

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 11. mars 2019.

Neytendasamtökin eru sammála mikilvægi virkrar samkeppni og telja að hún leiði til lægra verðs á vörum og þjónustu sem seld er til neytenda og annarra aðila. Neytendasamtökin eru þar með hlynnt tillögum um að unnin skuli úttekt á löggjöf og regluverki með hliðsjón af áhrifum á virka samkeppni á markaði.

Neytendasamtökin vilja þó einnig koma því á framfæri að þau telja rannsóknir á þessu sviði grundvallar forsendu fyrir því að unnt sé að taka mikilvægar ákvarðanir í þessum efnum.

Virðingarfyllst,

f.h. Neytendasamtakanna



Breki Karlsson, formaður

Reykjavík 28.03.2019

Efni: Umsögn um 289. mál, tillögu til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki.

Hinn 2. nóvember 2018 lögðu Þorsteinn Víglundsson, 7. þingmaður Reykjavíkurborgar, norður, og fimm aðrir þingmenn fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki. Tillögunni var vísað til efnahags- og viðskiptanefndar hinn 28. febrúar sl. að fyrstu umræðu lokinni. Hinn 11. mars sl. setti nefndin tillöguna í umsagnarferli en frestur til að skila umsögnum var veittur til og með 29. mars 2019.

Í tillögunni felst að Alþingi geri forsætisráðherra að láta vinna heildstæða samkeppnisúttekt á íslenskum lögum í viðri merkingu í samstarfi við Efnahags- og framfarastofnunina (OECD). Lagt er upp með að heimilt verði að skipta úttekinni í áfanga en henni skuli að fullu lokið fyrir árslok 2021.

SAF – Samtök ferðaþjónustunnar fagna tillögunni og lýsa sig í grundvallaratriðum sammála efni hennar að teknu tilliti til skýringa sem koma fram í greinargerð.

SAF benda á að samkeppnismat er þegar hafið í samstarfi við OECD fyrir forgöngu ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Rétt er þó að taka fram að umfang þess mats er takmarkaðra en tillöguhöfundar leggja upp með, þ.e. það nær aðeins til regluverks ferðaþjónustu og byggingarstarfsemi. Áætlað er að vinnsla matsins taki átján mánuði. Upplýsingar um framkvæmd matsins liggja fyrir og bera þær með sér að því fylgi umtalsverð vinna af hálfu íslenskra stjórnvalda og OECD en ekki síður af hálfu ferðaþjónustunnar. Þá má gera ráð fyrir að úrvinnsla niðurstaðna matsins kalli á tímafreka vinnu og samráð. Í því ljósi velta SAF fyrir sér hvort ekki kunnir að vera nokkuð bratt farið að kveða á um það í ályktunarorðum tillögunnar að heildstæðri samkeppnisúttekt verði lokið fyrir árslok 2021. Að mati SAF væri skynsamlegra að gera ráðherra að ákvarða áfanga í samstarfi við innlenda hagsmunaaðila og OECD, forgangsraða vinnu við þættina með hliðsjón af efnahagslegu mikilvægi og ljúka heildarverkinu á 7–10 árum.

Að teknu tilliti til framangreinds leggja SAF til að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



Benedikt S. Benediktsson

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík



Reykjavík, 29. mars 2019

Efni: Umsögn Viðskiptaráðs um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisúttekt á löggjöf og regluverki (Mál nr. 289)

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um ofangreinda þingsályktunartillögu. Tillagan snýr að því að fela forsætisráðherra að vinna heildstæða úttekt á löggjöf og regluverki hér á landi með hliðsjón af áhrifum á virka samkeppni á markaði, í samstarfi við Efnahags- og framfarastofnunina. Viðskiptaráð fagnar tillögunni eindregið, þó telur ráðið að tillagan þurfi að taka mið af því verkefni sem nú þegar er hafið á vegum atvinnuvegaráðuneytisins.

Viðskiptaráð telur þarft að framkvæma heildarmat á löggjöf á Íslandi með hliðsjón af áhrifum á virka samkeppni og einföldun regluverks viðskiptalífsins. Þrátt fyrir að stór hluti þess regluverks sem íslensk fyrirtæki búa við sé sambærilegur við það sem tíðkast í nágrannaríkjum okkar er víða pottur brotinn í laga- og stofnanaumgjörð hér á landi. Vel mótaðar leikreglur og markviss framfylgni þeirra eru veigamiklir áhrifaþættir á framleiðni og þar af leiðandi líf skjör landsmanna allra. Að mati Viðskiptaráðs hefur lengi verið þörf á átaki í einföldun og skilvirkni regluverks hér á landi.

Sníða þarf stakk eftir vexti

Ráðið hefur talað fyrir því í gegnum tíðina að stofnanakerfi og leikreglur á Íslandi séu ekki í takt við eðli hagkerfisins. Þrátt fyrir smæð landsins er stofnanakerfið áþekkt því sem gerist í og margfalt stærri ríkjum. Afleiðing þess er hærri hlutfallslegur kostnaður og því nýtast fjármunir og mannauður verr en best væri á kosið. Þá eru leikreglur ekki heldur alltaf sniðnar að aðstæðum. Þannig er regluverk og eftirlit meira íþyngjandi en víða annars staðar, í stað þess að hér séu mótaðar skilvirkari og sveigjanlegri leikreglur til að vega á móti því óhagræði sem smæðinni fylgir. Þannig sýndi skýrsla ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur að í þriðjungi tilfella eru EES-reglur innleiddar með meira íþyngjandi hætti en þörf er á.¹

Ríkisstjórnin lýsti yfir í stjórnarsáttmála að regluverk skuli einfaldað og skilvirkni eftirlits aukin. Viðskiptaráð telur að hér sé ekki eftir neinu að bíða. Stjórnvöld þurfa að marka sér stefnu í þessum efnunum og fylgja henni eftir. Samkeppnismat á löggjöf væri öflug innspýting inn í þá vinnu en með því væri framkvæmt heildarmat sem þarf til að greina óþarflega íþyngjandi regluverk sem kann að vera til staðar eða hvort rekstrarumhverfi yti undir fákeppni eða einokun á mörkuðum. Viðskiptaráð tekur undir með talsmönnum tillögunnar að slíkt geti reynst skaðlegt fyrir hagvöxt sem aftur leiðir til lakari líf skjara landsmanna.

¹Skýrsla um þróun reglubyrði atvinnulífsins á 143. til 145. löggjafarþingi:
<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=04051f7a-5fe5-11e7-941c-005056bc530c>

Við þurfum ekki að finna upp hjólið

Viðskiptaráð telur að samvinna við Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) sé mikilvæg í þessum efnum, en stofnunin hefur framkvæmt samkeppnismat á löggjöf í Grikklandi, Mexíkó, Rúmeníu, og nú síðast Portúgal, með góðum árangri. Þá hefur stofnunin mótað vandað verkfæri við samkeppnismatið (e. competition assessment toolkit).²

Ráðið fagnaði því eindregið nýlegri ákvörðun Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar-, nýsköpunar- og dómsmálaráðherra, að framkvæma samkeppnismat á rekstrarumhverfi ferðaþjónustu og byggingariðnaðar á Íslandi í samstarfi við OECD. Verkefnið hófst nú í mars og er áformað að því ljúki á 18 mánuðum.

Þrátt fyrir að fagna þeirri ákvörðun telur Viðskiptaráð mikilvægt að ekki sé staðar numið og nauðsynlegt sé að vinna samkeppnismat á löggjöf fleiri geira en ferðaþjónustu og byggingariðnaði, sem er vissulega jákvætt fyrsta skref. Viðskiptaráð hvetur því annað hvort til þess að í kjölfar verkefnisins sem nú er í gangi fari fram heildarsamkeppnismat á þeim geirum sem eftir standa, eða að slíkt verkefni sé sett af stað samhliða því verkefni sem nú er í gangi. Umbætur á stofnanakerfi og leikreglum hafa hingað til setið á hakanum, og hvetur Viðskiptaráð stjórnvöld til að hefja úttekt regluverks sem allra fyrst með það að leiðarljósi að einfalda regluverkið eins og kostur er.

Viðskiptaráð hvetur til þess að stjórnvöld framkvæmi samkeppnismat á löggjöf fleiri geira en ferðaþjónustu og byggingariðnaðar, og að fagráðuneytunum verði falið að hafa yfirumsjón með því verkefni, í samstarfi við Efnahags- og framfarastofnunina. Þá áskilur Viðskiptaráð sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Gunnar Dofri Ólafsson

Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

² <http://www.oecd.org/competition/assessment-toolkit.htm>